

Kennsluáætlun í samfélags -og náttúrugreinum, 4. bekkur

Hæfni í samfélags- og náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Nám í náttúru- og samfélagsgreinum stuðlar að því að nemendur viti hvað þeir vita og hvað þeir geta og viti hvernig best er að beita vitneskju sinni, þekkingu og leikni til að hafa áhrif á umhverfi og samfélag og bæta það.

Tímabil	Hæfniviðmið Við lok 4. bekkjar getur nemandi	Námsþættir/viðfangsefni	Kennslugögn	Leiðir	Námsmat
ágúst - des	<ul style="list-style-type: none"> gert grein fyrir einkenni höfuðborga, sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi, borið saman samfélag þorps og borgar, bent á nokkrar stofnanir samfélagsins og helstu kennileiti, tekið þátt í samstarfi og samræðum í jafningjahóp, sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, hlustað á og greint að ólíkar skoðanir, tjá þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti. 	<p>Reykjavík, höfuðborgin mín</p> <p>Sjávarþorp og einkenni þeirra skoðuð, samgöngur og atvinnulíf borið saman eftir landshlutum.</p> <p>Munur á þéttbýliskjarna eftir stærð, þorp, bær, kaupstaður og borg.</p> <p>Höfuðborgin okkar kynnt, saga hennar, helstu kennileiti, byggingarefni og byggingarstíll skoðaður.</p> <p>Opinberar byggingar og starfsemi þeirra skoðuð.</p> <p>Heimildavinna um stofnanir í Reykjavík og starfsemi þeirra.</p> <p>Miðbær og byggingar í Reykjavík skoðaðar. Fræðsla og upplifun</p>	<p>Söguraminnn „Reykjavík, höfuðborgin mín“ eftir Björgu Eiríksdóttur.</p> <p>Heimildir af neti og úr bókum ásamt myndum.</p>	<p>Nemendur afla sér upplýsinga í bókum og á veraldarvefnum.</p> <p>Umræður, rökræður, hlustun, ritun og skapandi vinna.</p> <p>Hópavinna. Framsögn.</p> <p>Vettvangsferð til Reykjavíkur.</p> <p>Foreldrum/forráða mönnum boðið að skoða afrakstur verkefnavinnunnar.</p>	<p>Hópaverkefni – samvinna.</p> <p>Veggmynd og verkefni tengd söguramma.</p> <p>Einstaklingsmat á framsögn.</p> <p>Skrifleg verkefni metin.</p> <p>Sjálfsmat.</p> <p>Þátttaka, frumleiki og sköpun.</p>